

Verkfræðingafélag Íslands

Ársskýrsla
starfsárið **2016-2017**

Ársskýrsla þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands 2016-2017. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli. Stór hluti félagsstarfsins fer fram innan deilda félagsins, nefnda og faghópa. Í þessari ársskýrslu birtast þær skýrslur sem borist höfðu þegar ársskýrslan fór í prentun. Aðrar skýrslur verða lagðar fram á aðalfundi ásamt ársskýrslu þessari.

Stjórn VFÍ 2016-2017 **Stjórn kjörin á samrunafundi VFÍ og TFÍ 1. desember 2016**

Páll Gíslason, formaður
Jóhannes Benediktsson, varaformaður
Bjarni G.P. Hjarðar
Kristjana Kjartansdóttir
María S. Guðjónsdóttir
Snjólaug Ólafsdóttir
Sveinbjörn Pálsson
Helgi Þór Ingason, varamaðstjórnandi
Sigurður Örn Hreindal, varamaðstjórnandi
Þorvaldur Tólli Ásgeirsson,
varamaðstjórnandi

Kjaradeild **Stjórn kjörin á samrunafundi VFÍ og TFÍ 1. desember 2016**

Birkir H. Jóakimsson, formaður
Hlín Benediktsdóttir, varaformaður
Erlendur Örn Fjeldsted
Heimir Örn Hólmarsson
Ólafur Vignir Björnsson
Helga Helgadóttir, varamaðstjórnandi
Kristín Arna Ingólfssdóttir,
varamaðstjórnandi
Stefán A. Finnsson, varamaðstjórnandi

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Sveinn Ingi Ólafsson, formaður
Davið Á. Gunnarsson
Svana Helen Björnsdóttir
Gylfi Árnason, varamaðstjórnandi

Endurskoðendur

Torfi G. Sigurðsson, skoðunarmaður
Kristinn Gestsson, löggiltur
endurskoðandi

Starfsfólk

Árni B. Björnsson, framkv.stj.
Sigrún S. Hafstein, sviðsstjóri útgáfu-
og markaðsmála,
staðgengill framkvæmdastjóra
Elsa María Rögnvaldsdóttir,
sviðsstjóri kjaramála
Hjörleifur Kristinsson, skrifstofustjóri
Aðalheiður Ragnarsdóttir, fulltrúi sjóða
Guðríður Ó. Magnúsdóttir,
bókari/gjaldkeri
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, fulltrúi í móttöku
Lydía Ósk Óskarsdóttir, fulltrúi
Menntunarnefndar og Orlofssjóðs VFÍ

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	bls. 3
Áhersla á mennta- og réttindamál	bls. 4
Útgáfumál	bls. 6
Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf	bls. 8
Samstarf innanlands og erlendis	bls. 10
FEANI	bls. 11
Ársreikningur félagssjóðs 2016	bls. 13
Ársreikningur Hússjóðs 2016	bls. 14
Skýrslur deilda, nefnda og faghópa	bls. 21
Atburðir 2016-2017	bls. 26



Ávarp formanns VFÍ

Á síðastliðnum árum hafa orðið merkir áfangar í starfi Verkfræðingafélags Íslands. Um mitt ár 2011 sameinuðust Stéttarfélag verkfræðinga og Verkfræðingafélag Íslands. Tæpum sjö árum seinna, 1. desember 2016, sameinuðust VFÍ og Tæknifræðingafélag Íslands og um síðustu áramót tók sameinað félag formlega til starfa. Í dag er VFÍ öflugt félag þar sem unnið er að bæði faglegum og kjaralegum hagsmunum ríflega fjögur þúsund félagsmanna.

Sem kunnugt er þá hófust viðræður um aukið samstarf eða sameiningu VFÍ og TFÍ í upphafi starfsársins. Má segja að unnið hafi verið að þessu verkefni sleitulaust allt starfsárið. Þegar þetta er ritað um miðjan apríl 2017 er staðan þannig að tekist hefur að hnýta flesta ef ekki alla lausa enda á farsælan hátt. Verkefnið var reyndar að mörgu leyti flókið þar sem sameina þurfti deildir og kjarasjóði félaganna, gæta að réttindum sjóðfélaga og aðlaga reglugerðir og starfsreglur sjóða að breyttri stöðu.

Segja má að vinna vegna orlofssjóða hafi reynst nokkuð snúin því þar var staða verkfræðinga og tæknifræðinga afar ólík. – Verkfræðingar með eigin orlofssjóð en tæknifræðingar með þjónustusamning við OBHM. Það er metnaðarmál forsvarsmanna VFÍ og stjórnar Orlofssjóðs VFÍ að efla sjóðinn hratt og örugglega, auka framboð og skoða hvernig hægt er að gera sjóðfélögum sem auðveldast að nýta sér kosti sjóðsins.

Þótt sameining félaganna hafi tekið sinn tíma þá var á starfsárinu hugað að hefðbundnum verkefnum, vil ég þar nefna eftirfarandi:

- Félagið var kynnt á ýmsum vettvangi. Meðal annars á Framadögum háskólanna og UT-messunni. Einnig var sem fyrr lögð áhersla á að halda kynningarfundum fyrir nemendur í verkfræði og tæknifræði.
- Tengsl við landshlutadeildir voru ræktuð og skrifstofan var þeim innan handar við að halda fundum og námskeið. Sameining deilda verkfræðinga og tæknifræðinga var einföld í framkvæmd enda deildirnar starfað saman um margra ára skeið.
- Í kynningar- og útgáfumálum bar hæst að nýr vefur VFÍ var tekinn í notkun. Útgáfa Verktækni var með hefðbundnum hætti en framundan er að kanna til hlítar kosti rafrænnar útgáfu.
- Við sameininguna var húseignin að Engjateigi 9, Verkfræðingahús, flutt í sjálfseignarstofnun.
- Eins og kemur fram hér í ársskýrslunni þá stóð félagið fyrir fjölda viðburða. Bar þar hæst Dag verkfræðinnar. Metþátttaka var eða á fimmta hundrað manns.

Þegar litið er fram á veginn er ljóst að meðal mikilvægra verkefna félagsins má nefna hagsmunagæslu hvað varðar nám í tæknigreinum. Einnig að nýta þann meðbyr sem sameiningin skapaði til að styrkja ímynd félagsins og auka þjónustuna við félagsmenn.

Nú í lok starfsársins vil ég fyrir hönd stjórnar VFÍ þakka félagsmönnum sem sitja í stjórnnum deilda, nefndum og ráðum á vegum félagsins. Einnig vil ég þakka starfsfólki á skrifstofu félagsins fyrir samstarfið. Það er mikill fengur fyrir félagið að njóta starfskrafta jafn hæfra einstaklinga og þar vinna. Á árinu hurfu tveir starfsmenn á braut, ég vil óska þeim velfarnaðar og þakka fyrir vel unnin störf.

Páll Gíslason, formaður VFÍ.

Menntamálanefnd

Skýrsla um starfsárið 2016-2017

Starfsárinu má skipta í tvennt:

Frá aðalfundi VFÍ 2016 og fram að áramótum starfaði nefndin með sama hætti og undanfarin ár.

Eftir sameiningu VFÍ og TFÍ um áramótin 2016/2017 tók ein menntamálanefnd við af MVFÍ og MTFÍ og nefnist hún Menntamálanefnd VFÍ. Frá áramótum og fram að aðalfundi VFÍ 2017 starfaði nefndin í tveimur hlutum, meðan verið var að móta starfshætti nýrrar nefndar. Steindór Guðmundsson formaður sameinaðrar Menntamálanefndar VFÍ sat fundi beggja hluta nefndarnnar: MVFÍ-V og MVFÍ-T.



Skipan MVFÍ frá aðalfundi VFÍ 2016 og fram að áramótum:

Steindór Guðmundsson, formaður
Björn Karlsson
Heiða Pálmadóttir
Ingunn Sæmundsdóttir
Jenný Ruth Hrafnadóttir
Sigurður M. Garðarsson
Þórður Helgason

Menntamálanefnd hélt alls sjö reglulega fundi á þessu tímabili, og voru þeir fundir nr. 368 - 374. Venjulegur fundartími var annar fimmtudagur hvers mánaðar.

Skipan MVFÍ-V frá áramótum 2016/2017 og fram að aðalfundi VFÍ 2017:

Steindór Guðmundsson, formaður
Björn Karlsson
Heiða Pálmadóttir
Ingunn Sæmundsdóttir
Jenný Ruth Hrafnadóttir
Sigurður M. Garðarsson
Þórður Helgason

MVFÍ-V hélt alls þrjú reglulega fundi á þessu tímabili, og voru þeir fundir nr. 375-V til 377-V. Venjulegur fundartími var annar fimmtudagur hvers mánaðar.

Skipan MVFÍ-T frá áramótum 2016/2017 og fram að aðalfundi VFÍ 2017:

Steindór Guðmundsson, formaður
Arnlaugur Guðmundsson
Bergþór Þormóðsson
Einar H. Jónsson
Freyr Jóhannesson

Guðmundur Borgþórsson
Jens Arnljótsson
Jóhannes Benediktsson
Nicolai Jónasson

MVFÍ-T hélt alls tvö reglulega fundi á þessu tímabili, og voru þeir fundir nr. 376-T - 377-T. Venjulegur fundartími var fyrsti mánudagur hvers mánaðar.

Umsóknir til félagsins, MVFÍ og MVFÍ-V

Umsóknir um inngöngu í félagið og leyfi til að kalla sig verkfræðing voru sem hér segir á starfsárinu, og til samanburðar eru umsóknir síðustu ára:

Starfsár	16-17	15-16	14-15	13-14	12-13	11-12	10-11	09-10
Innganga:	213	246	185	165	140	115	42	41
Starfsheiti:	162	170	153	147	131	141	81	66
Ungfélagaaðild:	29	45	16	33	20	23	10	9
Umsóknir alls	404	461	354	345	291	279	133	166

Af 213 umsóknum um inngöngu í félagið voru 9 um endurinnngöngu. Af þessum 213 umsóknum voru 193 umsóknir samþykktar en 12 var hafnað og umfjöllun um 7 er ekki lokið, auk þess sem ein var dregin til baka. Allar 29 umsóknir um ungfélagaaðild voru samþykktar. Af 162 umsóknum um starfsheitið voru 136 umsóknir samþykktar en 17 var hafnað og umfjöllun um 8 er ekki lokið, auk þess sem ein var dregin til baka. Alls var fjallað um umsóknir frá 304

einstaklingum sem sóttu um leyfi til að kalla sig verkfræðing og/eða sóttu um inngöngu í VFÍ eða sóttu um ungfélagaaðild. Af þessum 304 einstaklingum voru 96 konur eða 32%.

Heildarfjöldi umsókna dróst aðeins saman miðað við síðasta starfsár, en helst þó áfram mikill. Síðustu sex starfsár er fjöldi umsókna mun meiri en starfsárin þar á undan. Skýringin er að hluta sú að á starfsárinu 2011-2012 voru SV og VFÍ sameinuð í eitt félag. Það veldur því að eftir sameininguna (1. júlí 2011) bætast við til umsagnar í Menntamálanefnd þær umsóknir sem áður komu beint til SV um inngöngu í SV og voru afgreiddar þar.

Aukinn fjöldi umsókna um inngöngu í VFÍ

virðist jafnframt hafa haft í för með sér að umsóknum um starfsheitið hefur líka fjölgað verulega. Einnig fjölgaði umsóknum um ungfélagaaðild nokkuð eftir sameininguna. Þær mættu þó gjarnan vera fleiri, því ungfélagar verða sjálfkrafa félagsmenn þegar þeir ljúka sínu BS- prófi, svo mjög mikilvægt er að fá sem flesta ungfélaga inn í félagið. Í því samhengi má benda á að nú fá verkfræðinemar að gerast ungfélagar í VFÍ strax við innritun í



verkfræðinám, en öflugar kynningar þarf í verkfræðideildum HÍ og HR til að kynna þennan möguleika.

Til fróðleiks má geta þess að umsóknir frá konum hafa verið í kringum þriðjungur allra umsókna undanfarin ár (32%, 31%, 33% og 29% undanfarin fjögur starfsár).

Umsóknir til félagsins, MVFÍ-T

Umsóknir um inngöngu í félagið og leyfi til að kalla sig tæknifræðing voru sem hér segir frá áramótum 2016/2017 til aðalfundar 2017:

Starfsár	16-17
Innganga:	22
Starfsheiti:	18
Ungfélagaaðild:	9
Umsóknir alls	49

Af 22 umsóknum um inngöngu í félagið var 1 um endurinnngöngu. Af þessum 22 umsóknum voru 16 umsóknir samþykktar en 1 var hafnað og umfjöllun um 5 er ekki lokið. Af 9 umsóknum um ungfélagaaðild voru 8 samþykktar, en einni var hafnað. Af 18 umsóknum um starfsheitið voru 13 umsóknir samþykktar en einni var hafnað og umfjöllun um 4 er ekki lokið. Alls var fjallað um umsóknir frá 33 einstaklingum sem sóttu um leyfi til að kalla sig tæknifræðing og/eða

sótti um inngöngu í VFÍ eða sótti um ungfélagaaðild. Af þessum 33 einstaklingum voru aðeins 2 konur eða 6%.

Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og/eða námsbrautir

Auk þessara formlegu umsókna um inngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheitið verkfræðingur bárust Menntamálanefnd VFÍ allmargar fyrirspurnir um það hvort tiltekið nám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota starfsheitið verkfræðingur. Í langflestum tilvikum var um að ræða fólk í BS –námi í verkfræði eða tæknifræði við Háskóla Íslands eða Háskólann í Reykjavík sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum.

Nýjar reglur um leyfi til að kalla sig tæknifræðing.

Unnið hefur verið að endurskoðun á reglum um leyfi til að kalla sig tæknifræðing í samráði við ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar. Verkinu er ekki lokið, en stefnt er að því að ljúka því snemma á næsta starfsári Menntamálanefndar.

*F.h. Menntamálanefndar VFÍ
Steindór Guðmundsson, formaður*

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd (ENSÍM) hefur ekki verið virk í nokkur ár. Þess í stað hafa starfsmenn félagsins átt gott samstarf við Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ). Á starfsárinu voru sem fyrr haldnir fundir með starfsmönnum EHÍ um leiðir til að auka framboð af námskeiðum fyrir félagsmenn.

Félögin hafa frá upphafi verið aðilar að Endurmenntun HÍ og eru því heiðurs-samstarfsaðilar. Í septembermánuði 2009 var skrifað undir formlegan samstarfs-samning við Endurmenntun HÍ. Markmið samningsins er að auka framboð á námskeiðum, vinna saman að kynningu þeirra og efla tengsl skrifstofu félaganna við Endurmenntun HÍ. Þá hefur Endurmenntun boðið félagsmönnum valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum.

Unnið er að því að auka framboð af námskeiðum og eru meðal annars niðurstöður fræðslukannana hafðar til hliðsjónar. Það er vilji félaganna að auka framboð af námskeiðum á landbyggðinni.



Útgáfumál

Útgáfumál

Verktækni – tímarit VFÍ/TFÍ kom út einu sinni á árinu. Í blaðinu var auk efnis almenns eðlis þrjár ritrýndar greinar og fjórar tækni- og vísindagreinar. Möguleikar á rafrænni útgáfu hafa verið til skoðunar um nokkurt skeið. Stéttar- og fagfélög hafa sum hver alfarið hætt að prenta félagsblöðin og treysta alfarið á rafræna dreifingu. Rætt hefur verið að færa útgáfu VFÍ yfir á rafrænt form og koma upp öflugum greinabanka á netinu með faglegu efni.

Nú þegar nýr vefur hefur verið tekinn í notkun er jafnframt stefnt að því að gefa oftar úr rafrænt fréttabréf. Aukinn kostnaður við póstdreifingu kallar á slíkar breytingar.

timarit.is og aðrir gagnagrunnar

Á árinu 2012 var gerður samningur við timarit.is um að allt útgefið efni félaganna verði aðgengilegt á rafrænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á timarit.is er meðal annars sá að varðveisla á gögnunum er tryggð, miðlun um allar upplýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélur.

vfi.is

Á síðari hluta árs 2015 var hafist handa við endurnýjun á vefjum VFÍ og TFÍ. Þeirri vinnu var frestað á vormánuðum 2016 þegar tillaga um sameiningu félaganna lá fyrir.

Þegar sameining varð staðreynd var tekinn upp þráðurinn og nýr vefur VFÍ fór í loftið í marsmánuði 2017. Vefurinn hefur fallið í góðan jarðveg og áfram verður unnið að nýta möguleika sem nýr vefur og öflugt félagakerfi býður upp á. Má nefna uppsetningu á „Mínum síðum“ fyrir félagsmenn þar sem þeir geta fylgst með réttindum í sjóðum o.fl.

VFÍ er á Facebook, slóðin er: [facebook.com/vfi.1912](https://www.facebook.com/vfi.1912).





Ritröð VFÍ

Á 90 ára afmæli Verkfræðingafélags Íslands var ákveðið að ráðast í útgáfu ritraðar sem lyki með útgáfu á sögu VFÍ á hundrað ára afmæli félagsins 19. apríl 2012. Síðan þá hefur ein bók bæst við.


Í ritröðinni eru átta bækur:

- Frumherjar í verkfræði á Íslandi. (2002)
- Afl í segulæðum. Saga rafmagns á Íslandi í 100 ár. (2004)
- Í ljósi vísindanna. Saga hagnýtra rannsókna á Íslandi. (2005)
- Brýr að baki. Brýr á Íslandi í 1100 ár. (2007)
- Sementsiðnaður á Íslandi í 50 ár. (2008)
- Verkin sýna merkin. - Saga framkvæmda og verktakastarfsemi á Íslandi. (2009)
- VFÍ í 100 ár. – Saga Verkfræðingafélags Íslands. (2012)
- Alþjóðaheilbrigðismál – Ísland til áhrifa (2016)

Siðanefnd VFÍ

Tólf fundir voru haldnir í Siðanefnd á starfsárinu. Tvö mál bárust nefndinni og er afgreiðslu þeirra lokið. Siðanefnd VFÍ er skipuð fimm fyrrverandi formönnum VFÍ. Siðanefnd starfsársins var skipuð eftirtöldum: Guðmundur G. Þórarinnsson, formaður, Hákon Ólafsson, Pétur Stefánsson, Steinar Friðgeirsson og Jóhanna Harpa Árnadóttir. Skipuð var nefnd til að endurskoða siðareglur VFÍ. Nefndin hélt sjö fundi á starfsárinu.

Guðmundur G. Þórarinnsson, formaður.





Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og skoðunarferða voru haldnar á vegum félagsins á starfsárinu og listinn á bls. 26 og 27 er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. Samlokufundir áttu sinn fasta stað í félagsstarfinu og voru vel sóttir.

Útsendingar/upptökur af fundum í Verkfræðingahúsi hafa gengið vel og má finna þær á vefslóðinni: <http://www.ustream.tv/channel/verktækni>

Verktækni golfmótið

Árlegt golffeinvígi verkfræðinga og tæknifræðinga, Verktækni golfmótið, var haldið í nítjándan sinn þann 19. ágúst 2016, að Hellishólum í Fljótshlíð. Verkfræðingar fóru með sigur af hólmi í sveitakeppninni og sigruðu þar með þriðja árið í röð.

Dagur verkfræðinnar

Dagur verkfræðinnar var haldinn í þriðja sinn 7. apríl 2017 á Hilton Reykjavík Nordica. Slegið var met en yfir 400 manns mættu á Dag verkfræðinnar að þessu sinni.

Markmiðið með deginum er að kynna verkfræðina, spennandi störf og verkefni á því sviði og ekki síst efla tengsl og samheldni meðal íslenskra verkfræðinga og tæknifræðinga. Dagskráin hófst kl. 13 með spennandi og fjölbreyttri dagskrá, þar sem fyrirlestrar og kynningar fóru fram þremur opnum sölum.

Heimsóknir í skólana

Á hverju hausti kynna forsvarsmenn VFÍ fyrsta árs nemum í verkfræði starfsemi félagsins. Einnig er það fastur liður að halda hádegisfundi í skólunum þar sem





nemendum er boðið upp á hressingu um leið og þeir fá kynningu á félaginu. Þeim sem lengra eru komnir í verkfræðináminu er boðið í heimsókn í Verkfræðingahúsið í svokallaðar “vísindaferðir”.

Námssjóður J.C. Möller

Námssjóður J.C. Möller frá 6. október 1938, hefur úthlutað styrkjum til efnilegra íslenskra stúdenta, sem stunda nám, eða ætla sér að stunda nám í tækniháskóla á Norðurlöndum. Styrkurinn er þó sérstaklega ætlaður þeim sem stunda, eða ætla sér að

stunda nám í rafmagnsverkfræði og þá einkum þeim er stunda, eða ætla sér að stunda nám í Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn. Ekki var úthlutað úr sjóðnum á árinu.

Glæsileg aðstaða

Aðal fundasalurinn í Verkfræðingahúsi hefur verið vel nýttur. Félagsmönnum stendur til boða að taka salinn á leigu fyrir fundi og mannfagnaði og hefur það mælst vel fyrir enda er salur glæsilegur og aðstaðan eins og best verður á kosið.





Samstarf innanlands og erlendis

Félagafjöldinn

Í ársbyrjun 2017 voru félagsmenn VFÍ 4103. Við sameiningu félaganna gengu ríflega 1300 tæknifræðingar til liðs við VFÍ.

Samstarf við Tæknifræðingafélag Íslands

VFÍ og TFÍ ráku sameiginlega skrifstofu í 23 ár. Við sameiningu félaganna hélt skipulag skrifstofunnar óbreytt. Starfsemin skiptist í þrjú svið: Kjarasvið, útgáfu- og kynningar-svið og fag- og fjármálasvið. Elsa M. Rögnvaldsdóttir er sviðsstjóri kjaramála, Sigrún S. Hafstein er sviðsstjóri útgáfu- og kynningarmála og Árni B. Björnsson er yfir fag- og fjármálasviði og er hann jafnframt framkvæmdastjóri VFÍ.

Samstarf við HÍ og HR

Verkfræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við

Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands og Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Samstarfið við skólana er afar mikilvægt því eitt af megin-

markmiðum félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í verkfræði og tæknifræði hér á landi.

Kynningarfundir og vísindaferðir fyrir nema eru fastur liður. VFÍ tók þátt í Framadögum háskólanna. Það er mjög mikilvægt að hafa sterk tengsl við skólana og margir höfðu áhuga á að ræða við fulltrúa félaganna um ýmislegt sem varðar námið og hvað tekur við þegar út á vinnumarkaðinn er komið.

Norðurlandasamstarf

Nording

Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Einnig hefur félagið í Eistlandi fulla aðild að Nording. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári og á hann mæta formenn og framkvæmdastjórar félaganna.

Tólf félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 400 þúsund. Meðal verkefna Nording er samræming á

stefnu félaganna í Evrópusamstarfi og að koma fram fyrir hönd félaganna gagnvart Evrópusambandinu og stofnunum þess.

Á aðalfundum Nording bera forsvarsmenn félaganna saman bækur sínar um stöðu mála á vinnumarkaði og helstu verkefni hvers félags.

Á vef Nording er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemina. Slóðin er: www.nording.org

Aðalfundur Nording 2017 verður haldinn hér á landi í ágúst.

ANE

ANE (Association of Nordic Engineers) er samstarfsvettvangur sem var settur á laggirnar árið 2007 af félögum verkfræðinga og tæknifræðinga í Danmörku, Svíþjóð og öðru af tveimur félögum í Noregi. Þrjú félög eiga aðild að ANE: Sveriges Ingenjörer, IDA og NITO. Hlutverk ANE er að gæta hagsmuna norrænna verkfræðinga og tæknifræðinga í alþjóðlegu samhengi, ekki síst í samskiptum við Evrópusambandið.


Á vef ANE, www.nordicengineers.org eru greinargóðar upplýsingar um starfsemina.

Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga um gesta-aðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til níu norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga auk íslensku félaganna TFÍ og VFÍ.

Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum tæknifræðinga og verkfræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki atkvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræðikostnaður

Fjöldi félagsmanna VFÍ í ársbyrjun 1999 - 2017



ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna. Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta.

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í sex ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu (VFÍ eða TFÍ) eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélaga), eftirlaunþega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

Íslandsnefnd FEANI

Verkfræðingafélag Íslands og áður Tæknifræðingafélag Íslands eru aðilar að FEANI, Evrópusamtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og stóðu TFÍ og VFÍ sameiginlega að Íslandsnefnd FEANI. Félögin skiptast á um að hafa formennsku í nefndinni á tveggja ára fresti.

Aðalfundur FEANI er haldinn í september/október á hverju ári í einhverju aðildarlandanna, sem nú eru 32 talsins. Auk þess eru tvö önnur lönd með aukaaðild. Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera um 3,5 milljónir. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundinn á hverju ári, og er það að jafnaði formaður nefndarinnar sem hann sækir.

Af helstu verkefnum FEANI undanfarin ár má nefna nýtt gæðamatskerfi fyrir háskóla og tækniháskóla sem kenna verkfræði og tæknifræði: "ENAAE/EUR-ACE accreditation". Sífellt fleiri námsbrautir hafa fengið þessa nýju vottun, og hafa þær verið teknar upp í FEANI-INDEX ásamt öðrum viðurkenndum námsbrautum.

Á árinu 2016 var lögð sérstök áhersla á að uppfæra Indexinn.

Annað verkefni er svokallað Engineer Card (ENGCARD) sem hefur verið á vegum FEANI um nokkurra ára skeið. Þetta er skírteini sem á meðal annars að auðvelda fólki að flytja sig milli landa og fá vinnu í Evrópulöndum utan heimalandsins. Verkefnið hefur fengið styrk frá ESB sem vill kanna möguleika á að það verði fyrirmynd fyrir aðrar starfsstéttir.

Átak í umhverfismálum

Á haustmánuðum 2016 var gert átak í að skoða umhverfismál og umhverfisáhrif af starfsemi skrifstofu VFÍ og Verkfræðingahúss frá ýmsum hliðum. Sett var upp fræðsludagskrá um umhverfismál og sköpuðust líflegar umræður þar sem starfsfólk vaknaði til vitundar um mikilvægi þess að draga úr umhverfisáhrifum sínum. Í framhaldinu var umhverfisstefna Verkfræðingafélags Íslands útbúin með það að markmiði að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum bæði fyrir félagsmenn og samfélag. Stefnan var samþykkt af starfsfólki VFÍ í febrúar 2017 og verður vonandi lifandi í hugum starfsfólks og nefndarmanna í sinni vinnu fyrir Verkfræðingafélag Íslands.

Umhverfisstefna VFÍ

Verkfræðingafélag Íslands vill stuðla að þróun samfélagsins með sjálfbærni að leiðarljósi og vill vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Félagið leitast við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag með meðvitaðri ákvarðanatöku og þjónustu við félagsmenn.

- Að draga úr umhverfisáhrifum rekstrar félagsins og Verkfræðingahúss í hvívetna.
- Að stefnumótun og úrbætur í rekstri taki mið af umhverfismálum.
- Að vera fyrirmynd félagsmanna í umhverfismálum.
- Að bæta umhverfisvitund starfsfólks og félagsmanna.

Einnig var farið yfir og fest á blað hvernig skrifstofan á að vinna að umhverfismarkmiðum sínum hvað varðar innkaup, orkunotkun, efna- og pappírnotkun, matar-sóun, meðferð úrgangs o.fl.

Stjórn VFÍ átti frumkvæði að átakinu enda vilji til þess að starfsemi í Verkfræðingahúsi sé til fyrirmyndar í umhverfismálum. Dr. Snjólaug Ólafsdóttir eigandi Andrími Ráðgjafar sem jafnframt situr í stjórn VFÍ sá um fræðsluna og mótun umhverfisstefunnar með stjórn og starfsfólki VFÍ.

1 hlutur	Belgía	2 hlutir	Austurríki
	Búlgaría		Frakkland
	Eistland		Írland
	Ísland		Pólland
	Króatía		Tékkland
	Kýpur	3 hlutir	Grikkland
	Lúxemborg		Holland
	Makedónía		Rússland
	Malta	4 hlutir	Danmörk
	Rúmenía		Noregur
	Serbía		Portúgal
	Slóvakía	5 hlutir	Sviss
	Slóvenía		Svíþjóð
	Úkraína	6 hlutir	Finnland
	7 hlutir	Spánn	
Auka- aðild	Aserbaidsjan	10 hlutir	Ítalía
	Kasakstan	11 hlutir	Bretland
	Ungverjaland		Þýskaland

Þátttakendur í FEANI og fjöldi hluta.



Áritun endurskoðenda

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir félagssjóð Verkfæðingafélag Íslands, vegna ársins 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og sundurliðanir nr. 1-20.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða stjórn Verkfæðingafélags Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans að öðru leyti en að framan segir.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningskilavenju á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins rúmum 13.2 mkr., en rekstartekjur námu tæpum 77.7 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt

efnahagsreikningi námu rúmum 112.5 mkr. en heildarskuldir tæpum 33.2 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um rúmar 79,3 mkr í árslok.

Samrekstur VFÍ/TFÍ er gerður upp í sérstöku uppgjöri. Hluti VFÍ í samrekstrarkostnaði félaganna er síðan fluttur í uppgjör VFÍ.

Á árunum 2012 til 2014 var samreksturinn gerður upp með rekstrarafgangi og er heildar eigið fé samrekstrar kr. 14.274.495 í lok árs 2016. Með tilliti til skiptihlutfalla samrekstrar er hluti VFÍ af þessari fjárhæð kr. 9.535.362.

Reykjavík, 14. apríl 2017.

Kristinn Gestsson,

löggiltur endurskoðandi

Ég undirritaður félagskjörinn endurskoðandi Verkfæðingafélags Íslands, hef yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og legg ég til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 25. apríl 2017.

Torfi G. Sigurðsson

Ársreikningur félagssjóðs 2016

Rekstrarreikningur

	2016	2015
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld 2016	77.658	69.585
	<u>77.658</u>	<u>69.585</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Samrekstrarkostnaður skv. skiptireglu	36.235	32.490
Stjórnarlaun-samninganefndir	3.191	2.947
Skrifstofukostnaður-sérgreindur	2.718	2.123
	<u>42.144</u>	<u>37.560</u>
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	35.514	32.025
<i>Aðrar tekjur og gjöld</i>		
Verktækni og útgáfa	-943	-594
Ritröð, saga VFÍ	-102	-2.259
Hug- og vélbúnaður v/félagakerfis o.fl.	-5.786	-4.448
Fundir, ráðstefnur og kynningarstarf	-3.090	-1.709
Innlent og erlent samstarf	-2.936	-3.250
Kjarakannanir	-1.063	-825
Lögfræðikostnaður	-6.302	-6.588
Annað	-4.760	-3.781
	<u>-24.982</u>	<u>-23.454</u>
Hagnaður/tap án vaxtatekna og -gjalda	10.532	8.571
<i>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur	3.608	4.792
Fjármagnstekjuskattur	-616	-773
Vaxtagjöld / bankakostnaður	-364	-388
	<u>2.628</u>	<u>3.631</u>
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	<u>13.160</u>	<u>12.202</u>

Efnahagsreikningur pr 31.12.2016

	2016	2015		2016	2015
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir	0	0	Eigið fé:		
Veltufjármunir:			Óráðstafað eigið fé	79.272	67.631
Skammtímaskuldir	41.785	25.174			
Handbært fé:	70.731	78.659	<i>Skuldir:</i>		
			Skammtímaskuldir	33.244	36.202
Samtals eignir	<u>112.516</u>	<u>103.833</u>	Samtals skuldir og eigið fé	<u>112.516</u>	<u>103.833</u>

Ársreikningur Hússjóðs 2016

Rekstrarreikningur hússjóðs VFÍ 2016

	2016	2015
<i>Rekstrartekjur</i>		
Húsaleiga	21.926	22.393
	<u>21.926</u>	<u>22.393</u>
Rekstrargjöld		
Rekstur fasteigna	5.800	6.698
Framlag til samrekstrar	877	896
Annar kostnaður	298	516
	<u>6.975</u>	<u>8.110</u>
Hagnaður/tap án fyrninga og fjármagnsliða	14.951	14.283
Fyrningar	-8.179	-8.054
	<u>-8.179</u>	<u>-8.054</u>
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	6.772	6.229
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	-555	-931
	<u>-555</u>	<u>-931</u>
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	<u>6.217</u>	<u>5.298</u>

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2016

	2016	2015		2016	2015
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir:			Eigið fé:		
Engjateigur 9	383.718	377.884	Óráðstafað eigið fé	348.818	336.766
			Fyrningarsjóður fasteignar	19.812	16.661
Fastafjármunir alls	<u>383.718</u>	<u>377.844</u>	Eigið fé alls	<u>368.630</u>	<u>353.427</u>
Veltufjármunir:			Skuldir:		
Skammtímakröfur	291	146	Framkvæmdalán VFÍ	13.309	23.243
Handbært fé	82	274	Skammtímaskuldir	2.152	1.634
Veltufjármunir alls	<u>373</u>	<u>420</u>	Skuldir alls	<u>15.461</u>	<u>24.877</u>
			<i>Samtals skuldir og eigið fé</i>	<u>384.091</u>	<u>378.304</u>
<i>Samtals eignir</i>	<u>384.091</u>	<u>378.304</u>			

Ársskýrsla KVFÍ

Í stjórn KVFÍ eru:

Birkir H. Jóakimsson, formaður
Hlín Benediktsdóttir, varaformaður
Erlendur Örn Fjeldsted
Heimir Örn Hólmarsson
Ólafur Vignir Björnsson

Varamenn í stjórn KVFÍ:

Helga Helgadóttir
Kristín Arna Ingólfssdóttir
Stefán A. Finnsson

Aukinn fjöldi félagsmanna á almennum markaði hefur leitt til þess að einstaklingsbundin þjónusta á vegum skrifstofunnar eykst jafnt og þétt. Dæmi um það er undirbúningur launaviðtala, yfirllestur ráðningarsamninga, lausn ágreiningsmála við vinnuveitendur og ýmis önnur ráðgjöf. Þessi þróun er í takti við reynslu annarra kjarafélaga.

Lögfræðikostnaður var heldur lægri en árið á undan. Sú þjónusta er afar mikilvæg og ómetanlegt bakland fyrir félagsmennina.

Stjórn Kjarafélagsins hélt átta fundi á starfsárinu og samkvæmt fundargerðum voru meðal annars tekin til umfjöllunar mál er vörðuðu sameiningu VFÍ og TFÍ, endurskoðun kjarasamninga, kjarakannanir og stofnanasamninga.

Kjarasamningar

Á síðustu tveim starfsárum voru gerðir nýir kjarasamningar við flesta viðsemjendur. Samningar ríkisins, sem byggðu á niðurstöðum Gerðardóms settu strik í reikninginn enda hækkanir umtalsverðar. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru:

Við SA – Samtök atvinnulífsins
Við FRV- Félag ráðgjafarverkfræðinga
Við RARIK
Við OR – Orkuveitu Reykjavíkur

Kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði eru :

Við Ríkið, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög.

Ekki hefur verið samið við SA en vinna er hafin við endurskoðun á réttindaákvæðum samningsins. Stefnt er að því að samningurinn verði uppfærður með sama hætti og kjarasamningur BHM við SA enda samningarnir nær samhljóða. Þar til sú vinna klárast er rétt að líta til lágmarkshækkana í samningi SA og ASÍ sem voru 6,2% frá 1. janúar 2016 og hann gildir til 2019 með viðbótarhækkunum 2017 og 2018. Hann hefur áhrif á heildarhreyfingu launa á almenna markaðnum og þar af leiðandi á markaðslaun verkfræðinga.

Á starfsárinu var gerður viðauki við kjarasamning félagsins við SA um hækkun á framlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð.

Samkomulagið var undirritað þann 18. nóvember 2016 og gildir frá 1. nóvember sl. Samkvæmt því mun framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð hækka í 10% frá 1. júlí 2017 og í 11,5% frá 1. júlí 2018 til samræmis við það sem samið var um í samningi SA og ASÍ.

Stofnanasamningar

Vinnu við gerð stofnanasamninga við þær ríkisstofnanir þar sem félagsmenn KVFÍ starfa var haldið áfram á starfsárinu. Búið er að ljúka við gerð stofnanasamninga við Þjóðskrá Íslands og Sjúkratryggingar Íslands. Vinna við gerð stofnanasamninga við þær ríkisstofnanir þar sem mestur fjöldi félagsmanna starfar er langt komin.

Námskeið

Í febrúar sl. var haldið tveggja daga námskeið fyrir trúnaðarmenn félagsins um störf, verksvið og ábyrgð trúnaðarmanna. Jafnframt var haldið námskeið um launaviðtöl í mars sl. fyrir félagsmenn sem var vel sótt.

Skýrsla Fjölskyldu- styrktarsjóðs VFÍ 2016

Stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs VFÍ starfsárið 2016-2017:

Sveinn Víkingur Árnason
Auður Ólafsdóttir
Hulda Guðmundsdóttir

Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga og starfsmenn opinberra hlutafélaga sem félagið gerir kjarasamninga við.

Veittir voru 502 styrkir sem er 10,6% fjölgun milli ára. Í hóprannsókn vegna skimunar fyrir ristilkrabbameini og hjarta- og æðasjúkdómum fóru 34 félagar. Styrkjagreiðslur skiptust þannig að styrkir í formi dagpeninga voru 32 þar af 18 í fæðingarstyrkir. Sérstækir styrkir voru 412 að frádregnum hóprannsóknnum.

Sjóðfélagar voru um 526 í árslok 2016 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Virkir sjóðfélagar eru 419.

Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins námu 27,6 mkr. og hækkuðu um 11% milli ára. Styrkir námu 29,1 mkr. sem er 8% hækkun á milli ára. Rekstrargjöld voru um 3,1 mkr. Gjöld umfram tekjur námu 5,0 mkr. og var óráðstafað eigið fé í árslok 2016 var 39,4 mkr. Þetta er sjötta árið í röð sem heildarupphæð styrkja er hærri en greidd iðgjöld. Ljóst er að stjórn sjóðsins þarf að skoða úthlutunarreglur svo hægt sé að standa við skuldbindingar.


Rekstrarreikningur

	2016	2015
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	27.596	24.831
<i>Rekstrartekjur alls</i>	27.596	24.831
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsókn	29.130	26.985
Umsýslukostnaður	2.760	2.483
Annar kostnaður	677	636
<i>Rekstrargjöld alls</i>	32.567	30.104
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	-4.971	-5.273
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	1.097	1.358
<i>Teikur umfram (gjöld) á árinu</i>	-3.874	-3.915


Efnahagsreikningur

	2016	2015
<i>Eignir</i>		
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	4.798	8.343
Handbært fé	36.152	37.298
	40.950	45.641
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	39.436	43.310
Skammtímaskuldir	1.514	2.331
	40.950	45.641


Sjóðfélagar Fjölskyldu og styrktarsjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr Fjölskyldu og styrktarsjóði VFÍ



Lykiltölur Fjölskyldu og styrktarsjóðs VFÍ



Skýrsla Sjúkrasjóðs VFÍ 2016

Stjórn Sjúkrasjóðs fyrir starfsárið 2016 til 2017:

Hulda Björg Þórisdóttir
Halldór Árnason
Björgvin Áskelsson

Sjóðfélagar eru starfsmenn á FRV verkfræðistofum og starfsmenn á almennum markaði.

Á síðastliðnu ári voru veittir 1424 styrkir sem er 12% fjölgun frá árinu áður en þá hafði þeim fjölgað um rúm 50% á milli ára.


Almennir styrkir voru 1148 og dagpeningastyrkir voru 174 flestir vegna fæðingarorlofs. Sértekir styrkir voru 39. Hóprannsókn vegna skimunar fyrir ristilkrabbameini og hjarta- og æðasjúkdómum var í gangi og alls nýttu sér 63 sjóðfélagar hana. Stefnt er að því að halda áfram með hóprannsóknir.

Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins 2016 námu rúmum 164 mkr. sem er 22% hækkun frá 2015. Styrkir námu tæplega 100,5 mkr og hækka um 16,4% milli ára. Rekstrargjöld voru 17,6 mkr.

Sjóðfélagar voru 1894 í árslok 2016 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Í ársskýrslu 2016 voru sjóðfélagar sagðir 1919 og því virðist þeim fækka milli ára. Sú er ekki raunin því þá var ekki leiðrétt fyrir greiðslum frá fleiri en einum vinnuveitanda.


Sjóðfélagar Sjúkrasjóðs VFÍ




Rekstrarreikningur

	2016	2015
Rekstrartekjur		
Iðgjöld	164.040	134.370
Rekstrartekjur alls	164.040	134.370
Rekstrargjöld		
Styrkir	100.455	86.301
Umsýslukostnaður	16.404	13.437
Annar kostnaður	1.223	1.058
Rekstrargjöld alls	118.082	100.796
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	45.958	33.574
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	16.853	30.095
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	62.811	63.669

Fjöldi greiddra styrkja úr Sjúkrasjóði VFÍ



Lykiltölur Sjúkrasjóðs VFÍ



Efnahagsreikningur

	2016	2015
Eignir		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	40.388	27.757
Verðbréf	411.547	400.691
Handbært fé	188.641	153.827
	640.576	582.275
Skuldir og eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	633.129	570.319
Skammtímaskuldir	7.447	11.956
	640.576	582.275

Fjöldi greiddra styrkja Sjúkrasjóðs

Ár	Fjöldi styrkja	% aukning
2007	200	
2008	205	2,5
2009	296	44,4
2010	353	19,3
2011	553	56,7
2012	759	37,3
2013	789	4,0
2014	839	6,3
2015	1276	52,1
2016	1424	11,6

Skýrsla Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2016

Stjórn sjóðsins var á síðasta starfsári skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ og ríkisins:

Geir Guðmundsson, VFÍ
 Arnór B. Kristinsson, VFÍ
 Gunnar Gunnarsson, f.h. fjármálaráðherra.
 Einar Mar Þórðarson, f.h. fjármálaráðherra

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir á samkomulagi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1989. Það eru starfsmenn ríkisins og stofnana og opinberra hlutafélaga í eigu ríkisins sem eiga rétt á að greitt sé fyrir þá í sjóðinn.

Fjöldi þeirra sem greitt var fyrir til sjóðsins jókst um 7%.

Frá stofnun hefur verið greitt 1,72% af dagvinnulaunum í sjóðinn en með nýjum kjarasamningi um mitt ár 2008 lækkaði það hlutfall í 0,46%. Með kjarasamningi 2011 var hlutfallið aftur hækkað og var 1,11% af heildarlaunum frá 1. júlí 2012. Frá 1. janúar 2015 breyttist iðgjaldið aftur í 1,72% af föstum mánaðarlaunum.

Á árinu 2016 var úthlutunarreglum breytt þannig að svokölluð biðtímaregla var felld niður.

Heildarupphæð styrkja á síðasta ári var 12,65 mkr. og lækkaði úr 20,86 mkr. árinu áður. Greiddum styrkjum fækkaði úr 109 í 72.

Rekstrarreikningur


	2016	2015
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	41.044	41.481
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>41.044</u>	<u>41.481</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	12.645	20.856
Umsýslukostnaður	4.104	4.148
Annar kostnaður	711	696
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>17.460</u>	<u>25.700</u>
Hagnaður án fjármagnsliða	23.584	15.781
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	2.766	1.598
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>26.350</u>	<u>17.379</u>

Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2016 er eftirfarandi: 39 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða, 33 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði. Samtals 72 umsóknir.


Efnahagsreikningur

	2016	2015
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	7.640	5.520
Handbært fé	101.477	79.669
	<u>109.117</u>	<u>85.189</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	108.560	82.211
Skammtímaskuldir	557	2.978
	<u>109.117</u>	<u>85.189</u>


Sjóðfélagar
Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr
Vísinda- og starfsmenntunarsjóði VFÍ



Lykiltölur Vísinda- og
starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2016

Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2016-2017 skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ og sveitarfélaganna:

Árni Ísberg, VFÍ
Þorsteinn Sigurjónsson, VFÍ
Guðjón Örn Helgason, Reykjavíkurborg

Starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir í grunninn á samkomulagi félagsins við Reykjavíkurborg og sveitarfélög frá 1989 auk viðbótarsamninga og breyttra kjarasamninga á síðustu árum. Starfsmenn sveitarfélaga áttu rétt á að launagreiðandi greiddi 1,72% af dagvinnulaunum þeirra í sjóðinn en með nýjum kjarasamningum er mismunandi hve iðgjald er hátt.

Greiddir styrkir á liðnu ári voru 36 alls sem er 16% fjölgun styrkja frá árinu 2015 þegar þeir voru 31. Heildarupphæð styrkja á síðasta ári var 7,4 milljón sem er 21% lækkun á milli ára.

Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2016 er eftirfarandi: 21 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða og 15 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði.


Rekstrarreikningur

	2016	2015
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	20.555	18.609
Iðgjöld Starfsmenntunarsjóðs alm. mark	18.725	14.380
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>39.280</u>	<u>32.989</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	7.398	6.123
Umsýslukostnaður	3.928	3.299
Annar kostnaður	685	724
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>12.011</u>	<u>10.146</u>
Hagnaður án fjármagnsliða	27.269	22.843
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	3.005	1.306
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>30.274</u>	<u>24.149</u>


Efnahagsreikningur

	2016	2015
<i>Eignir</i>		
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	9.058	8.117
Handbært fé	106.173	75.297
	<u>115.231</u>	<u>83.414</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	111.133	80.859
Skammtímaskuldir	4.098	2.555
	<u>115.231</u>	<u>83.414</u>


Sjóðfélagar
Starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr
Starfsmenntunarsjóði VFÍ



Lykiltölur
Starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Skýrsla Orlofssjóðs VFÍ 2016

Stjórn Orlofssjóðs VFÍ árið 2016-2017:

Margrét Edda Ragnarsdóttir
Sveinn V. Árnason
Kristján Sturlaugsson

Orlofssjóður VFÍ, áður SV, hefur starfað frá 1997 og sumarið 2017 verður tuttugasta sumarið sem úthlutað er til félagsmanna.

Félagar í orlofssjóðnum eru félagsmenn í VFÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn og aðrir í félögum sem skrifstofan þjónustar og greitt er fyrir.

Við sameiningu VFÍ og TFÍ mun fjölga mikið í sjóðnum og hefur stjórn undirbúið það með því að kaupa hús frá Danmörku sem verður reist á lóðinni að Álfasteinssundi 21. Þá voru keyptar tvær lóðir í Húsafelli í upphafi árs 2017.

Í febrúar 2016 keypti sjóðurinn húsið í Árnesi sem leigt hefur verið á sumrin í mörg ár.

OVFÍ á tvö góð hús í Hraunborgum í Grímsnesi sem voru endurnýjuð árið 2015, íbúð við Sómatún á Akureyri, hús í Árnesi og í ár leigir sjóðurinn einnig tvö nýleg hús skammt frá Borgarnesi, tvö hús við Hreðavatn, íbúð á Ísafirði, hús á Flateyri, íbúð á Hólum í Hjaltadal, tvær íbúðir á Akureyri, sumarhús að Hrísum í Eyjafirði, sumarhús í Vopnafirði og sumarhús að Staffelli á Héraði. Auk þess býður sjóðurinn upp á leigu á tjaldvögnum og niðurgreiðslu á hótलगistingu með sölu á hótelmiðum.

Umsóknir um sumarúthlutun 2016 voru 338 og tókst að úthluta 192 gistingu í húsum og tjaldvögnum. Auk þess var sjóðfélögum úthlutað miðum fyrir hótलगistingu.

Alls var greitt fyrir 2013 einstaklinga til sjóðsins á árinu 2016. Fullgildir félagar eru um 1500. Heildariðgjaldagreiðslur á árinu voru 47,1 mkr. sem er 20,1% hækkun frá árinu 2015.


Rekstrarreikningur

	2016	2015
<i>Rekstrartekjur</i>		
lðgjöld	47.110	39.208
Leigutekjur	9.408	7.301
Rekstrartekjur alls	56.518	46.509
<i>Rekstrargjöld</i>		
Leigukostnaður	20.912	15.668
Rekstur orlofshúsa	7.989	8.447
Umsýslukostnaður	6.782	5.581
Annar kostnaður	2.436	1.988
Fyrning sumarhúsa	5.155	3.761
Rekstrargjöld alls	43.274	35.445
Hagnaður án fjármagnsliða	13.244	11.064
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	-5	339
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	13.239	11.403


Efnahagsreikningur

	2016	2015
<i>Eignir</i>		
<i>Fastafjármunir</i>		
Sumarhús	80.767	58.922
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	8.418	13.421
Handbært fé	28.506	19.559
	117.691	91.902
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	102.922	89.683
Skammtímaskuldir	14.769	2.219
	117.691	91.902

Sjóðfélagar Orlofssjóðs VFÍ



Lykiltölur Orlofssjóðs VFÍ





Skýrslur deilda, nefnda og faghópa

Byggingarverkfræðingadeild

Ýmis mál og erindi berast á borð Byggingarverkfræðingadeildar VFÍ (BVFÍ) á hverju starfsári. Oft er verið að leita umsagna og álits á málefnum sem tengjast faginu og fagnar stjórn BVFÍ því að fá þau mál til sín. Ýmist er það stjórnin sem tekur að sér vinnu er snýr að málum/erindum þessum eða aðrir félagsmenn og fer það allt eftir eðli og umfangi hverju sinni. Stjórn hittist reglulega yfir starfsárið og fer yfir þau mál sem berast stjórninni og eru fundir iðulega haldnir í húsakynnum VFÍ við Engjateig.

Í byrjun árs 2016 var skipulögð ferð til Keflavíkurflugvallar og var hún farin 29. janúar. Góð þátttaka var í ferðinni, bæði verkfræðingar og tæknifræðingar sem fengu kynningu á starfsemi Ísavia og framtíðaruppbyggingu á flugvælinum. Var gerður góður rómur að ferðinni og þökkum við Ísavia kærlega fyrir höfðinglegar móttökur.

Íðorðastarf hefur ávallt verið hluti af starfi félagsins. Lítið hefur þó verið aðhafst í þeim málum á árinu en við finnum fyrir auknum áhuga frá fleiri fagfélögum og vonandi verður á endanum hægt að koma íðorðasafni á rafrænt form eins og stefnt er að.

Þegar þetta er ritað, í apríl 2017, er fyrirhugað að halda aðalfund félagsins á næstu mánuðum. Verið er að skoða það hvort boðið verður upp á áhugaverða skoðunarferð eða fyrirlestur í tengslum við fundinn en viðfangsefni liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Undirritaður vill að lokum nota tækifærið og þakka öllu því góða fólki sem hefur tekið að sér vinnu fyrir deildina þegar til þeirra hefur verið leitað á starfsárinu. Það er ekki sjálfgefið þar sem sjaldnast er um launaða vinnu að ræða og því má segja að hugsjónir og áhugi viðkomandi aðila á viðfangsefninu ráði för hverju sinni.

Ingimar Ari Jansson, formaður.

Vélaverkfræðingadeild

Rólegt hefur verið yfir starfsemi Vélaverkfræðingadeildar VFÍ (VVFÍ) síðustu ár og voru engir viðburðir á vegum deildarinnar á síðastliðnu starfsári.

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Tilgangur deildarinnar er að vera vettvangur stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar og sinna málefnum þeirra eins og segir í lögum félagsins. Félagsmenn VFÍ geta valið hvorri deildinni þeir tilheyra, enda er VFÍ ekki kjarafélag heldur deildaskipt hagsmunafélag. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi eru: Sveinn I. Ólafsson formaður, Davíð Á. Gunnarsson, Svana Helen Björnsdóttir og Gylfi Árnason, varameðstjórnandi.

Deildin stóð fyrir þremur morgunverðarfundum á starfsárinu sem voru vel sóttir. Í maí 2016 var fundur um vegi á hálendi Íslands, í nóvember var fundur um leyfisferli framkvæmda og þeirri umræðu var framhaldið á morgunverðarfundum í febrúar 2017.



Norðurlandsdeild VFÍ

Aðalfundur

Aðalfundur NVFÍ var haldinn laugardaginn 5. mars 2016. Á dagskrá aðalfundar voru hefðbundin aðalfundarstörf. Eva Hlín Dereksdóttir var endurkjörin formaður og Freyr Ingólfsson var endurkjörinn gjaldkeri. Björgvin Smári Jónsson var kjörinn ritari stjórnar og Adam Traustason var kjörinn varamaður.

Einnig voru þeir Pétur Torfason og Eiríkur Jónsson endurkjörnir skoðunarmenn ársreikninga.

Síldarkvöld

Árlegt Síldarkvöld NTFÍ og NVFÍ var haldið að loknum aðalfundarstörfum.

Fundarstjóri kvöldsins var Baldur Dýrfjörð og ræðumaður kvöldsins var Valur Knútsson hjá Landsvirkjun. Valur hélt erindi um framkvæmdir við Þeistareyki. Einnig hélt Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri VFÍ/TFÍ erindi um kjaramál og fleira tengt félaginu. Fundurinn var vel heppnaður og vel sóttur. Að erindum loknum var snæddur kvöldverður.

Stjórnarfundir

Stjórn hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu. Allir fundir voru haldnir með stjórn NTFÍ.

Haustferð

Haustferð Norðurlandsdeildarinnar var farin 8. október 2016. Brottför var frá Hofi Akureyri kl. 13:00, stoppað á Húsavík og nokkrir félagar bættust í hópinn þar. Keyrt að Þeistareykjum með einu útsýnisstoppi ofan við Húsavík. Kaffi og kynning í höfuð-

stöðvum Landsvirkjunar á svæðinu kl. 15. Valur Knútsson tók á móti okkur og svo var farinn hringur um svæðið og inn í stöðvarhúsið. Keyrðum á Bakka og Guðni Helgason hjá AVH fór með okkur um svæðið í rútunni og sagði frá verksmiðju PCC og uppbyggingunni á Bakka. Að lokinni dagskrá var kvöldverður á Fosshótelinu á Húsavík. Heimkoma til Akureyrar var um kl. 23. Þátttakendur voru rúmlega 30.

Aðrir viðburðir

Þann 28. apríl 2016 hélt Valgeir Bergman fjölsótt erindi um stöðu gangagerðarinnar á Vaðlaheiði og sýndi áhugaverðar ljósmyndir af misgengi og hruni sem varð í göngunum síðasta vetur.

Þann 21. febrúar 2017 var boðað til fundar á KEA vegna sameiningar félaganna. Þeir Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri félagsins, Jóhannes Benediktsson formaður TFÍ og Páll Gíslason formaður VFÍ komu að sunnan til að svara spurningum félagsmanna og taka þátt í umræðum um ýmislegt tengt sameiningunni.

Lokaorð

Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar og samstarf við NTFÍ með miklum ágætum. Stefnan er ávallt að vera með nokkra viðburði á hverju ári en ljóst að samlokufundir mættu vera fleiri. Þeir eru vel sóttir af félagsmönnum og eru kjörinn vettvangur til að auka tengsl verkfræðinga og tæknifræðinga á svæðinu.

Stjórn NVFÍ vill þakka félögum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari og virkari þátttöku félaga á því starfsári sem framundan er. Hafi félagsmenn tillögu að fyrirlestrum fyrir Samlokufundi hvetur stjórn þá til að koma þeim á framfæri við einhvern stjórnarmanna.

*F.h stjórnar NVFÍ,
Eva Hlín Dereksdóttir, formaður.*

Austurlandsdeild VFÍ

Aðalfundur

Aðalfundur Austurlandsdeilar VFÍ (AVFÍ) var haldinn með hefðbundnu sniði fimmtudaginn 17. mars 2016, fundurinn var að venju haldinn sameiginlega með AtFÍ. Aðalfundurinn byrjaði með sameiginlegri dagskrá deildanna. Á dagskrá var mjög áhugaverður fyrirlestur – Rafbílavæðing – staða og horfur. Fyrirlesari var Björn Ágúst Björnsson, verkfræðingur hjá OR sem miðlaði til fundargesta reynslu sinni af rafbílum og horfur í rafbílavæðingu Íslands

Að loknu hléi tók Árni B. Björnsson framkv. stj. VFÍ/TFÍ við og fór yfir stöðu kjaramála tæknifræðinga og verkfræðinga og gafst fundargestum tækifæri á að spyrja út í þau mál. Að því loknu tóku við hefðbundin aðalfundarstörf þar sem farið var yfir starf félagsins á liðnu starfsári. Óskað var eftir framboðum í stjórn félagsins. Í stjórn voru kosin Anna Elín Jóhannsdóttir formaður, Sigurður Freysson ritari og Birna Ingadóttir gjaldkeri.



Stjórnarfundir

Stjórnin hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu 2016-2017, þar sem skipulagðir voru viðburðir og önnur starfsemi deildarinnar á liðnu starfsári. Eins og áður voru skoðaðir ýmsir möguleikar á áhugaverðum námskeiðum fyrir félagsmenn á Austurlandi. Var þetta gert í samvinnu við skrifstofuna í Reykjavík, Endurmenntun HÍ og Austurbrú. Þessir fundir og atburðir hafa allir verið haldnir sameiginlega og í góðu samstarfi við stjórn ATFÍ.

Námskeið

Eins og liðnum starfsárum voru kannaðir möguleikar á námskeiðum sem myndu henta fyrir félagsmenn á svæðinu. Að þessu sinni var ákveðið að halda tvö námskeið á starfsárinu, námskeið í Visual Management (VMS) og námskeið í samningatækni. Visual management (sýnileg stjórnun) námskeiðið var síðan haldið þann 14. apríl 2016 í Austurbrú á Reyðarfirði. Kennari var Þórunn M. Óðinsdóttir stjórnunarráðgjafi hjá Intra. Námskeið í samningatækni fór síðan fram 21. nóvember 2016, einnig haldið í Austurbrú. Kennari var Dr. Haukur Ingi Jónasson hjá Nordica ráðgjöf ehf. Voru bæði þessi námskeið mjög vel sótt af félagsmönnum. Einnig var reynt að bjóða upp á námskeiðið „Hönnun lagnakerfa og val á lagnaefnum“ í fjárfundi en því miður náðist ekki nægileg þátttaka.

Haustferð

Sameiginleg árleg haustferð Austurlandsdeilda VFÍ og TFÍ var síðan farin 6. október 2016 og tókst að venju afbragðs vel. Farið var frá Egilsstöðum með nýrri og glæsilegri hópferðabifreið Austfjarðarleiðar. Leiðin lá niður á firði þar sem félagsmenn voru teknir upp í einn af öðrum þar til var

stoppað á Eskifirði. Þar fengu félagsmenn smá kynningu og tækniupplýsingar hjá bílstjóra og eins af eigendum Austfjarðarleiðar, Hlífari Þorsteinssyni um þessa nýju bifreið sem Austfjarðarleið hafði þá nýverið tekið í notkun. Því næst var haldið af stað í átt að gagnamunna nýju Norðfjarðarganganna. Þar tók á móti okkur Hermann Hermannsson starfsmaður verkfræðistofunnar Hnits sem keyrði með okkur í gegnum göngin og fræddi um verkefnið. Þegar út úr göngunum var komið Norðfjarðarmegin var haldið sem leið lá til Neskaupstaðar og farið í heimsókn til Síldarvinnslunnar. Skoðuð var glæsileg hátækni vædd uppsjávarfiskvinnslulína. Einnig var farið um borð í eitt og skipanna. Börkur er eitt glæsilegasta og best útbúna uppsjávarskip íslenska flotans. Þessi heimsókn til SVN endaði á fyrirlestri frá framkvæmdastjóra Síldarvinnslunnar, Gunnþóri Ingvasyni, en fór hann yfir sögu og stöðu félagsins. Að lokinni heimsókn til Síldarvinnslunnar var haldið á Hildibrand Hótel, snæddar voru þar dýrindis veitingar og spjallað fram eftir kvöldi. Stjórnir ATFÍ og AVFÍ höfðu veg og vanda af skipulagningu þessarar ferðar og vilja stjórnarmenn þakka félagsmönnum fyrir þátttökuna.

Tæknidagur fjölskyldunnar

Þann 15. október tóku TFÍ og VFÍ þátt í Tæknidegi fjölskyldunnar sem var haldinn í Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað. Þetta var í fjórða sinn sem þessi viðburður er haldinn af Austurbrú og Verkmenntaskóla Austurlands með stuðningi fyrirtækja á Austurlandi. Sigrún S. Hafstein og Árni B. Björnsson komu frá skrifstofunni í Reykjavík og voru okkur til halds og trausts. Kynntu þau náms- og starfsmöguleika verkfræðinga og tæknifræðinga fyrir gestum Tæknidagsins.

Sameinuð deild - aðalfundur 2017

Stjórn sameinaðrar deildar var kjörin á aðalfundi 29. mars 2017. Stjórnina skipa: Valdimar Baldursson formaður, Birna Ingadóttir, Bjarki Franzson, Kári Óttarsson, Sigurður Freysson og Björgvin Friðriksson, varamaður.

Rafmagnsverkfræðingadeild

Aðalfundur RVFÍ 2016 var haldinn í húskynnum Veðurstofu Íslands að Bústaðavegi 9 þann 24. Febrúar 2016. Sitjandi stjórn var endurkjörin en hana skipa Einar Pálmi Einarsson, Vigfús Gíslason, Kjartan Hjörvar og Þórarinn Benedikz. Á aðalfundinum voru haldnir tveir fyrirlestrar; Þorvaldur E. Sigurðsson fór yfir uppsetningu nýrrar ofurtölvu dönsku veðurstofunnar sem hýst er hjá Veðurstofu Íslands, og Bolli Pálmason kynnti hvernig líkanagerð og ofurtölvur spila saman í veðurspárgerð. Að fyrirlesturum loknum var svo farið í vettvangsferð og ofurtölvan skoðuð ásamt þeim stoðkerfum sem byggja þurftu í kringum hana.

Aðrir viðburðir voru ekki á vegum RVFÍ á starfsárinu.



Orðanefnd RVFÍ

Á árinu 2016 var fjallað um samtals 11 kafla í Alþjóðlega raftækniorðasafninu, IEV. Yfirferð allra þessara kafla lauk á árinu utan eins, þ.e. kafla 811 "Electric traction".

Raftækniorðasafn nefndarinnar á vefsíðu Snöru hefur frá ársbyrjun 2013 verið uppfært samkvæmt áframhaldandi störfum nefndarinnar og hefur samstarfið við Snöru gengið vel.

Raftækniorð er einnig að finna í Orða-banka Íslenskrar málstöðvar en hafa ekki verið uppfærð þar síðan í árslok 2015.

Heildarumfang raftækniorðasafnsins nemur nú um 21.100 iðorðum. Ýmsir aðilar og ekki síst þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis leituðu sem oftast til Orðanefndar rafmagnsverkfræðinga á árinu með fyrir-spurnir.

ORVFÍ ásamt VFÍ eru meðal stofnenda Málræktarsjóðs og eiga því rétt á að sitja aðalfundi sjóðsins. Sigurður Briem var fulltrúi ORVFÍ og Jón Þóroddur Jónsson fulltrúi VFÍ árið 2016.

Um áramótin 2016/2017 hafði ORVFÍ komið saman á 1409 fundum frá árinu 1971 þegar fyrst var farið að færa fundargerðir reglulega. Að meðaltali hafa því verið haldnir

rúmlega 30 fundir árlega undanfarna fjóra áratugi. Það hefur mjög auðveldað störf nefndarinnar að hún hefur ávallt notið velvilja og rausnar Orkustofnunar varðandi fundaaðstöðu og veitingar á fundum.

Nefndin tók sér sumarleyfi frá júní þar til í lok september.

Fundir nefndarinnar urðu 29 á árinu 2016 og voru að jafnaði um fimm á fundi hverju sinni en heilsufarsástæður hafa nokkuð hamlað fundasókn.

Eftirtaldir félagar eru nú í Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga:

Gunnar Ámundason
Ívar Þorsteinsson
Jón Þóroddur Jónsson
Kristján Bjartmarsson
Ólafur Pálsson
Sigurður Briem, formaður nefndarinnar
Torfi Þórhallsson

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Ph.D. í íslenski málfræði, hefur starfað með nefndinni undanfarin ár sem sérfræðingur og ráðgjafi um íslenskt mál

Hljóðvistarfélag Íslands _ ÍSHLJÓÐ

Skýrsla um starfsemi frá aðalfundi 18. febrúar 2016 til aðalfundar 2. mars 2017.

Síðastliðið ár hefur Kristín Ómarsdóttir gengt formennsku, Jakob Tryggvason verið gjaldkeri, Ólafur Daníelsson verið ritari og Ingvar Jónsson meðstjórnandi.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn félagsins unnið áfram að undirbúningi BNAM 2018 á Íslandi. Ákveðið hefur verið að BNAM 2018 fari fram í Hörpu, dagana 15. - 18. apríl. Stefnt er á að í maí 2017 verði fullskipuð fagnefnd fyrir BNAM 2018 en þá verða hin norðurlandafélögin öll komin með tvo fulltrúa í nefndina. Íslenska hljóðvistarfélagið verður með fjóra fulltrúa í nefndinni: Bergþóru Kristinsdóttur, Halldór Kr. Júlíusson, Jörgen Pind og Ólaf Daníelsson.

Frá því á Aðalfundi 2016 hafa tveir NAA (Nordic Acoustic Association) fundir verið haldnir. Sá fyrri var á BNAM 2016 í Stokkhólmi þann 20. - 22. júní 2016. Rætt var um BNAM í Svíþjóð 2016 og BNAM á Íslandi 2018. Farið var aftur yfir undirbúning fyrir BNAM 2018, breytingatillögur á

Sigurður Briem, formaður.

lögum NAA, fjárhag NAA, aðgengi fyrirlestra frá BNAM 2016 o.fl. Næsti fundur NAA verður í apríl 2017.

Næsti fundur EAA (European Acoustics Association) verður haldinn í Boston, á Forum Acusticum í júní 2017. Enginn mætti fyrir hönd Íshljóðs á þing EAA árið 2016, sem haldið var í Porto, Portúgal þann 12. júní 2016.

Meðlimir í Facebook hópi ÍSHLJÓÐS eru í dag 32 talsins. Á síðunni eru m.a. umræður um málefni líðandi stundar, ráðstefnur o.fl.

Haldinn var vorfundur félagsins þann 27. apríl 2016. Fundurinn var haldinn á alþjóðlegum degi hávaða og var á formi málstofu hjá Umhverfisstofnun og var vel sóttur. Yfirskrift fundarins var Málstofa um hljóðstig og eftirlit á skemmtunum og tónleikum. Finnur Pind hélt erindi um reglur og aðferðafræði varðandi hljóðstig á samkomum og hávaðadreifingu út í umhverfið. Ívar Ragnarsson hjá Exton hélt erindi um hljóðstig á tónleikum út frá sjónarhorni hljóðmanns. Einar Oddsson og Ingibjörn Guðjónsson hjá UST og Reykjavíkurborg fjölluðu um eftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur með hávaða á samkomum.

Haldinn var haustfundur félagsins þann 3. nóvember þar sem 10 ára afmæli félagsins var fagnað. Fundurinn var haldinn í Verkfræðingahúsi við Engjateig. Tveir einstaklingar voru útnefndir heiðursfélagar en það eru þeir Logi Kristjánsson og Svein Arne Nordby.

*Fyrir hönd stjórnar,
Kristín Ómarsdóttir, formaður.*

Ársskýrsla Kvinnanefndar

Kvinnanefnd VFÍ var stofnuð árið 2000. Það hefur verið Kvinnanefndin hugðarefni allt frá stofnun að sameina konur og efla tengsl þeirra innan stéttar verkfræðinga. Á stofnfundi nefndarinnar voru sett fram þrjú lykilmarkmið. Í fyrsta lagi að kvenverkfræðingar hafi jafnmikil áhrif og taki jafnan þátt í tæknipróun og karlverkfræðingar. Í öðru lagi að auka ásókn kvenna í verkfræði- og tæknigreinar með því að gera kvenverkfræðinga sýnilegri svo til staðar sé fagleg fyrirmynd fyrir stúlkur og í þriðja lagi að kynnast innbyrðis og styrkja stöðu kvenna innan stéttarinnar.

Í stjórn kvinnanefndar starfsárið 2016-2017 sátu eins og fyrra ár þær Björg Guðjónsdóttir, Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, Heiða Njóna

Guðbrandsdóttir, Helga Gunnlaugsdóttir, Kamilla Reynisdóttir, Kolbrún Reinholdsóttir og Sveinbjörg Sveinsdóttir.

Á starfsárinu 2016-2017 stóð Kvinnanefndin fyrir þremur fyrirtækjaheimsóknum og hinu árlega Rósaboði. Nefndin hóf árið með heimsókn til Nox Medical. Mikil ásókn var í heimsóknina og fylltust pláss á innan við sólarhring. Hjá Nox Medical tók Kolbrún Eydís Ottósdóttir, einn eigenda og stofnenda fyrirtækisins, vel á móti gestum og hélt kynningarerindi. Þá sögðu vörustjórnir Helga Gunnlaugsdóttir og Fanney Blöndahl einnig frá störfum sínum sem verkfræðingar hjá Nox Medical.

Á vormánuðum heimsótti Kvinnanefndin svo tæknifyrirtækið Sensa undir yfirskriftinni Hvað eiga Sensa og Google sameiginlegt. Valgerður Hrund Skúladóttir, rafmagnsverkfræðingur og framkvæmdastjóri Sensa tók á móti hópnunum ásamt Presti Sigurjónssyni, tæknistjóra og fluttu áhugaverð erindi.

Að hausti hóf nefndin síðan störf að nýju með heimsókn til Tæknipjónustu Ícelandair. Fullbókað varð í heimsóknina og var gestum boðið í flugskýli Ícelandair í Keflavík. Bauðst gestum m.a. að grandskoða eina af Boeing 767 vélum Ícelandair í frá nýju sjónarhorni, að innan sem utan sem og Boeing 757. Ragnheiður Guðmundsdóttir, verkfræðingur í áreiðanleikadeild Ícelandair flutti erindi um störf verkfræðinga auk þess sem María Kjartansdóttir sem starfar á Hönnunardeild, flutti erindi um hönnunarbreytingar flugvéla.

Í janúar á þessu ári var Rósaboð Kvinnanefndarinnar svo haldið í fjórða sinn en hefð hefur skapast hjá Kvinnanefnd VFÍ að bjóða árlega öllum konum sem luku prófi í verkfræði, hvort heldur í grunn- eða framhaldsnámi, í veislu þeim til heiðurs. Þar er þeim færð rauð rós og fagnað af öðrum verkfræðingum. Rósaboðið er innblásið af mikilvægi þess að skapa fleiri fyrirmyndir kvenna í tæknigeiranum, fagna afrekum kvenna, minna á hve öflugar konur í stéttinni eru og síðast en ekki síst að hvetja hinar nýútskrifuðu til dáða.

Það er merkilegt að hugsa til þess að þótt að fyrsta konan, Kristín Kristjánsdóttir Hallberg, hafi lokið prófi í verkfræði árið 1945, höfðu eingöngu þrjár til viðbótar lokið prófi árið 1968. Árið 1980 voru þær orðnar 13, um 50 árið 1990 og tæplega hundrað um aldamót. Síðan hefur mikið

vatn runnið til sjávar og hafa nú um 430 konur starfsheitið verkfræðingur og eru rúmlega 16% allra verkfræðinga. Ef litið er til allra sem útskrifast hérlendis, með grunn- eða framhaldspróf, hafa um 100 konur útskrifast ár ári síðastliðin 5 ár og verið um 25-30% útskrifaðra frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Ef sóknin í meistaranám fylgir má reikna með að hlutfall kvenna með starfsheitið verkfræðingur vaxi hratt á næstu árum.

Það er einnig merkilegt að hugsa til þess að tölfræðin sem hér var rakin var ekki til á aðgengilegu formi viku fyrir Rósaboðið í janúar. Einu upplýsingarnar um fjölda kvenna með starfsheitið verkfræðingur lágu á vefsíðu Atvinnuvegaráðuneytis í textaformi á löngum lista sem erfitt er að rýna í. Kvinnanefndin tók því af skarið og vann upp úr þessum lista gagnagrunn, keyrði nöfn allra kvenna saman við þjóðskrá, leiðrétti og kom á vinnanlegt form. Var þessi gagnagrunnur afhentur Árna B. Björnssyni, framkvæmdastjóra VFÍ. Er það von nefndarinnar að með þessu sé stigið skref í þá átt að verkfræðingar eignist aðgengilegan grunn um alla verkfræðinga landsins.

Á þessu ári mun nefndin stefna áfram að fjölbreyttum viðburðum sem höfða ættu til sem flestra. Til þess að fræðast um störf Kvinnanefndar VFÍ og sjá upplýsingar um næstu viðburði bendum við á facebooksíðu nefndarinnar: www.facebook.com/kvinnanefndvfi

*Heiða Njóna Guðbrandsdóttir, formaður
Kvinnanefndar VFÍ.*

Viðburðir 2016 – 2017

Fundir og ráðstefnur voru í flestum tilvikum haldnar í samvinnu VFÍ og TFÍ. Margir fundir eru sendir út beint og teknir upp. Upptökur eru birtar á vef VFÍ.

14. apríl 2016

Visual management

Námskeið á vegum Austurlandsdeilda VFÍ og TFÍ.

2. maí 2016

Kynning í HR

Sameiginleg kynning VFÍ og TFÍ í Háskólanum í Reykjavík fyrir nemendur í tæknifræði og verkfræði.

13. maí 2016

Tæknidagur í HR

Viðurkenning TFÍ fyrir lokaverkefni í tæknifræði.

23. maí 2016

Kynning fyrir tæknifræðinema í Keili - Ásbrú

26. maí 2016

Vegir á hálendi Íslands

Morgunverðarfundur á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ.

24. júní 2016

Útskrift í Keili – Ásbrú

Viðurkenningar TFÍ fyrir lokaverkefni í tæknifræði.

19. ágúst 2016

VerkTækni golfmótið 2016

Haldið á Hellishólum Fljótshlíð.

22. ágúst 2016

Kynningarfundur vegna Rýni 2016

7. – 9. september 2016

NIL-fundur haldinn í Reykjavík

Árlegur samráðsfundur norrænna kjarafélaga verkfræðinga og tæknifræðinga.

13. september 2016

Líf og starf á Grænlandi

Samlokufundur. Fyrirlesari Birkir Rútsson, verkfræðingur hjá dönsku verkfræðistofunni Orbicon.

22. september 2016

Íslensk repja. – Hluti af orkuskiptum í samgöngum?

Samlokufundur. Fyrirlesari: Gylfi Árnason.

23. september 2016

Hjóna/parakeppni VFÍ og TFÍ í golfi

Haldið á Korpúlfsstöðum.

24. september – 1. október 2016

Rýnisferð til Dubai.

29. september 2016

Kynningarfundur:

Áhættumat hjá Hjartavernd

Fundur vegna átaksins: Áhættumat hjá Rannsóknarstöð Hjartaverndar.

8. október 2016

Haustferð Norðurlandsdeilda

Þeistareykir, Bakki og Húsavík.

10. október 2016

Kynning: Skimun á ristilkrabbameini

Kynningarfundur vegna átaksins: „Skimun á ristilkrabbameini“. Sagt frá samstarfssamningi Sjúkra- og Styrktarsjóða TFÍ og VFÍ og Miðstöðvar meltingarlækninga ehf. Tilgangur verkefnisins er að veita fræðslu og beita forvarnaraðgerðum gegn krabbameini í meltingarvegi.

14. október 2016

Haustferð Austurlandsdeilda

15. október 2016

Kynning VFÍ og TFÍ á Tæknidögum á Austurlandi

20. október 2016

Ferðalangar og íslensk þekking í Dubai

Rýnisferðin 2016 – ferðasaga. Fyrirlesari: Jóhannes Benediktsson, formaður TFÍ og fararstjóri.

26. október 2016

Sameining VFÍ og TFÍ? Kynningarfundur fyrir félagsmenn VFÍ

27. október 2016

Sameining VFÍ og TFÍ? Kynningarfundur fyrir félagsmenn TFÍ

10. nóvember 2016

Árðagar Íslendinga

Samlokufundur. Guðmundur G. Þórarinnsson kynnti bók sína: „Árðagar Íslendinga - Kenningar um uppruna Íslendinga og landnámið.“

23. nóvember 2016

Leyfisferli framkvæmda

Morgunverðarfundur á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ.

23. nóvember 2016

Heimsókn Kvennanefndar VFÍ til Icelandair

28. nóvember 2016

Námskeið í samningatækni

Á vegum Austurlandsdeilda VFÍ og TFÍ. Leiðbeinandi: Haukur Ingi Jónasson.

28. nóvember 2016

Námskeið í samningatækni

Á vegum Austurlandsdeilda VFÍ og TFÍ
Leiðbeinandi: Haukur Ingi Jónasson.

1. desember 2016

Samrunafundur VFÍ og TFÍ

2. desember 2016

Raki í byggingum

Samlokufundur haldinn í samstarfi við Byggingastaðlaráð.
Fyrirlesari: Björn Marteinsson arkitekt og verkfræðingur.

13. desember 2016

Verkfræðingur í forystusveit WHO

Samlokufundur. Davíð Á. Gunnarsson kynnti bók sína: Alþjóðaheilbrigðismál - Ísland til áhrifa.

24. janúar 2017

Stærðfræði í takt við tímann

Námskeið um stærðfræðina með tilkomu stærðfræðiforrita og ókeypis kennslupáttu á netinu. Leiðbeinandi: Viðar Ágústsson.

26. janúar 2017

Fjármögnun tækni- og þekkingarfyrirtækja

Samlokufundur. Fyrirlesarar: Helga Valfells, Hekla Arnardóttir og Jenný Ruth Hrafnadóttir, stofnendur Crowberry Capital.

2. febrúar 2017

Rósaboð Kvennanefndar VFÍ

Konur í VFÍ komu saman til að fagna þeim konum sem luku prófgráðu í verkfræði á árinu 2016.

3. febrúar 2017

Kynningarfundur um orlofsmál tæknifræðinga

6. febrúar 2017

Trúnaðarmannanámskeið

16. febrúar 2017

Leyfisferli framkvæmda – úrbætur

Morgunverðarfundur á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ.

21. febrúar 2017

Kynningarfundir á Akureyri

Kynningarfundir hjá Norðurlandsdeildum vegna sameiningar VFÍ og TFÍ. Gestir fundarins: Páll Gíslason formaður VFÍ, Jóhannes Benediktsson varaformaður VFÍ og Árni B. Björnsson framkv.stj. VFÍ.

23. febrúar 2017

Mataræði og fleira áhugavert

Samlokufundur. Fyrirlesari Pálmi Stefánsson efnaverkfræðingur.

3. mars 2017

Kynning fyrir nema í Kaupmannahöfn.

6. mars 2017

Að semja um hærra laun

Námskeið í launaviðtölum.
Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskipta- og hagfræðideild HÍ.

10. mars 2017

Kynning fyrir tæknifræðinema í Keili - Ásbrú

24. mars 2017

Aðalfundur Norðurlandsdeildar VFÍ

29. mars 2017

Aðalfundur Austurlandsdeildar VFÍ

7. apríl 2017

Dagur verkfræðinnar


Haldinn í þriðja sinn á Hilton Reykjavík Nordica.

24. apríl 2017

Slitafundur KTFÍ, STFÍ og TFÍ

27. apríl 2017

Aðalfundur VFÍ



Verkfræðingafélag Íslands